

**STJÓRNARFUNDUR LÖNGUMÝRI, SKAGAFIRÐI
PRIÐJUDAGINN 12. OKTÓBER 2010 KL 09:30.**

Priðjudaginn 12. október 2010 kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu SSNV á Hvammstanga Mætt voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson sem vék af fundi kl 11:45 og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Undir 1. lið sátu Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri og Sólrún Júlíusdóttir Fjallabyggð. Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnáði.

1. SSNV málefni fatlaðra

- a. **Fundargerðir þjónustuhóps frá 16.09.2010 og 01.10.2010.** GSG kynnti einstaka liði fundargerðanna.
- b. **Álit lögfræðisviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi samstarfssamning byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.** Lagt fram álit lögfræðisviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga dags 4. október sem unnið var að beiðni bæjarstjórnar Fjallabyggðar vegna breytinga á samþykktum Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra og samþykktar voru á 18. ársþingi SSNV. Stjórn felur framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra að funda með fulltrúum Fjallabyggðar vegna málsins.
- c. **Erindi Dalvíkurbyggðar.** Lagt fram erindi bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar dags 27. september 2010 þar sem óskað er aðildar að Byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Jafnframt lagt fram samantekt þjónustuhóps um kosti og galla aðildar Dalvíkurbyggðar að Byggðasamlaginu ásamt mati á fyrirbyggjandi þjónustuþörf í Dalvíkurbyggð. Afgreiðslu frestað en stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra að vinna ítarlegri kostnaðargreiningu á aðild Dalvíkurbyggðar.
- d. **Önnur mál.**
 1. **Fjárhagsáætlun 2011.** Verkefnisstjóri og framkvæmdastjóri fóru yfir nokkur atriði vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2011, en samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2011 er get ráð fyrir um 4% niðurskurði til þjónustusamnings um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.

2. SSNV atvinnuþróun

- a. **Endurnýjun samninga atvinnuþróunarfélagana og Byggðastofnunar – endurskoðun stoðkerfisins.** Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu sem á sér stað innan stjórnkerfisins um endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífsins í landinu. Fyrir liggur að samningar atvinnuþróunarfélagana og Byggðastofnunar um atvinnuþróun á landsbyggðinni eru lausir um áramót. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir 10,1 milljóna króna lækun á framlögum til atvinnuþróunarfélagana á landsbyggðinni. Umræður urðu um endurskoðun stoðkerfisins en stjórn SSNV leggur áherslu á að atvinnuþróunarfélögin gegni lykilhlutverki innan stoðkerfisins og aðkoma sveitarfélaga að byggðamálum verði tryggð í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög. Eftirfarandi bókun

var samþykkt.

Stjórn SSNV leggur þunga áherslu á aðkomu sveitarfélagana og atvinnulífs að vinnu við endurskipulagningu á stoðkerfi atvinnulífsins sem nú er unnið að innan Iðnaðarráðuneytisins. Mikilvægt er að svæðisbundið atvinnuþróunarstarf sé unnið á forræði heimamanna í góðri samvinnu við þær stofnanir ríkisins sem um málaflökkinn fjalla. Stjórnin telur atvinnuþróunarfélögin og landshlutasamtök sveitarfélaga gegna lykilhlutverki í stuðningi við atvinnu og byggðaðróun á landsbyggðinni. Þar hafi verið byggður upp samstarfsvettvangur ríkis, sveitarfélaga og svæðisbundins atvinnulífs sem vinna á að eflingu atvinnulífs og byggðaðróunar. Stjórnin hafnar öllum hugmyndum um aukna miðstýringu í atvinnuþróunarmálum.

b. Skiprit og framtíðarhlutverk. Samþykkt að fresta umræðum til næsta fundar.

3. **Fjárlagafrumvarp 2011.** Lögð fram samantekt starfsmanna SSNV um fjárlagaliði einstakra stofnana og verkefna á Norðurlandi vestra. Umræður urðu um frumvarpið og útkomu Norðurlands vestra í því samhengi.
4. **Fundarboð sveitarstjórnarmanna og þingmanna Norðvesturkjördæmis.** Fundurinn verður haldinn á Blönduósi þriðjudaginn 26. október kl 13:00. Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir áherslumál stjórnar fyrir fundinn.
5. **Menningarsamningur – endurnýjun.** Rætt um endurnýjun menningarsamnings. Stjórn leggur ekki til grundvallarbreytingar á samningunum en leggur áherslu á að rekstarþáttur menningarráða verði fléttaður saman við annað atvinnuþróunarstarf sveitarfélagana.
6. **Bréf sveitarfélagsins Skagastrandar dags 29.09.2010.** Í bréfinu er SSNV hvatt til þess að láta fara fram úttekt á áhrifum breytinga á reglum jöfnunarsjóðs á einstaka sveitarfélögum á Norðurlandi vestra. Stjórn SSNV bendir á að útreikningar á áhrifum nýrra reglna jöfnunarsjóðs verða birtar á aðalfundi sjóðsins sem haldinn verður í tengslum við Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga þann 15. október n.k. Eftirfarandi bókun var samþykkt.
Stjórn SSNV leggur þunga áherslu á að á að ekki verið ráðist í neinar þær breytingar á regluverki jöfnunarsjóðs sem skert geta framlög til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Stjórn leggur jafnframt áherslu á að ríkið endurgreiði sveitarfélögum hækkun tryggingagjalds. Jafnframt renni aukaframlag áfram til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
7. **Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags 28. 09.2010.** Í bréfinu er fulltrúa SSNV boðið að sitja ársfund sjóðsins sem haldinn verður þann 15. október n.k. Framkvæmdastjóra falið að sækja fundinn.
8. **Bréf Skipulagsstofnunar dags 10.09.2010 – ný skipulagsreglugerð.** Í bréfinu er kynnt ósk umhverfisráðuneytisins um að Skiplagsstofnun hafi umsjón með vinnu við gerð tillögu að nýrri skipulagsreglugerð með hliðsjón af nýjum skipulagslögum. Þá kemur fram að sveitarfélögum og öðrum skilgreindum umsagnaraðilum sé gefin kostur á að koma með ábendingar um hvað betur mætti fara í nýrri skipulagsreglugerð.

Stjórn SSNV leggur áherslu á að ný reglugerð leggi ekki íþyngjandi birgðar á sveitarfélögin og gangi ekki gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga í skiplagsmálum

9. Fundargerðir og ályktanir

- a. **Ályktun aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um atvinnumál.** Lögð fram til kynningar.
- b. **Fundargerð aðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2010.** Lögð fram til kynningar.
- c. **Samþykktir aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 2010.** Lagðar fram til kynningar.
- d. **Fundargerð 437. Fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.** Lögð fram til kynningar.

10. Önnur mál

- a. **Breytingar á lögregluumdæmum.** Formaður ræddi fyrirhugaða breytingu lögregluumdæma í landinu og lagði fram nýsamþykka ályktun félags lögreglumanna á Norðurlandi vestra þar sem skorað er á dómsmálaráðherra að Norðurland vestra verði sérstakt lögregluumdæmi. Eftirfarandi bókun var samþykkt.

Stjórn SSNV fagnar og tekur heilshugar undir ályktun lögreglufélags Norðurlands vestra um að Norðurland vestra verði sérstakt lögregluumdæmi. Stjórnin telur löggæslu hluta af nærþjónustu við íbúa og telur mikilvægt að vanda vel til allra breytinga á skipulagi löggæslumála. Stjórnin minnir á að SSNV er aðili að gerð Sóknaráætlunar 20/20 og einn veigamesti liður við gerð þeirrar áætlunar er endurskipulagning og uppbygging opinberrar þjónustu í einstaka landshlutum. Norðurland vestra er í Sóknaráætlun 20/20 skilgreint sem sérstaks svæði og því telur stjórnin það eðlilegt og í fullu samræmi við markmið sóknaráætlunar að Norðurland vestra verði sameiginlegt lögregluumdæmi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:00.
Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.